

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Reykjavík - Boðagrandi 2.

Samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga hefur borgarráð Reykjavíkur þann 29. september 1998 samþykkt deiliskipulag lóðarinnar Boðagrandi 2, þar sem gert er ráð fyrir íbúðarbyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 18. janúar 1999.*

**Þorvaldur S. Þorvaldsson** skipulagsstjóri.

20. janúar 1999

Nr. 46

## AUGLÝSING

### um breytt deiliskipulag iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveggar, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 10. nóvember 1998 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveggar.

Breytingin felst í að byggingarreitur fyrir einnar hæðar hús að Dalshrauni 1 er felldur niður og í stað hans er gert ráð fyrir þriggja hæða húsi, vestan við núverandi byggingu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag, af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, fyrir sama svæði frá 1984.

*20. janúar 1999.*

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

**Magnús Gunnarsson.**

15. janúar 1999

Nr. 47

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hálsabyggð (Mið-Háls) í landi Ánabrekku, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt deiliskipulag í Hálsabyggð (Mið-Háls) í landi Ánabrekku, Borgarbyggð.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Ofangreint deiliskipulag öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 15. janúar 1999.*

**Óli Jón Gunnarsson**, bæjarstjóri Borgarbyggðar.